

Fimmtudaginn 2. apríl 1998.

Nr. 410/1997.

Ákærvaldið

(Bragi Steinarsson
vararíkissaksóknari)

gegn

Bjarka Þór Hilmarssyni

(Róbert Árni Hreiðarsson hdl.)

Þjófnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómarnir Garðar Gíslason, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Ríkissaksóknari skaut málinu til Hæstaréttar að ósk ákærða, en einnig af hálfu ákærvalds, með stefnu 3. október 1997. Ákærvaldið krefst þess nú, að héraðsdómur verði staðfestur, en til vara er þess krafist, að brot ákærða verði heimfært til 246. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærði krefst sýknu, en til vara, að verði hann sakfelldur, skuli refsing látin falla niður. Til þrautavara krefst hann þess, að refsing verði milduð og að hún verði skilorðsbundin.

Með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms verður hann staðfestur. Ákærði skal greiða allan áfrýjunarkostnað málsins, eins og í dómsorði segir.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Ákærði, Bjarki Þór Hilmarsson, greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 15.000 krónur, og málflutningslaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Róberts Árna Hreiðarssonar héraðsdómslögmanns, 15.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 8. september 1997.

Ár 1997, mánudag 8. september, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Sverri Einarssyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í sakamálinu nr. 517/1997: Ákærvaldið gegn Bjarka Þór Hilmarssyni, sem tekið var til dóms 4. þ. m.

Málið er höfðað fyrir dóminum með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 24. júní sl., á hendur ákærða, Bjarka Þór Hilmarssyni, kennitala 101172-5039. Í ákæru segir, að málið sé höfðað á hendur ákærða „fyrir þjófnað með því að hafa föstudaginn 4. apríl 1997 stolið tveimur gullhringum, að verðmæti 14.300 kr., á Bíó barnum, Klapparstíg 26, Reykjavík.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar“.

Málavextir.

Aðfaranótt laugardags 5. apríl sl. veittu tveir lögreglumenn í Reykjavík á eftirlitsferð athygli ákærða, Bjarka Þór Hilmarssyni, sem var fyrir utan veitingastaðinn Keisarann við Laugaveg að sýna dyraverði staðarins og manni að nafni Haukur Guðmundsson tvo hringa, og sneri ákærði baki í lögreglumennina, þegar þá bar að. Virtist koma fát á ákærða, þegar hann varð lögreglumannanna var, og henti hann þá frá sér hvítu dufti í poka. Ákærði var handtekinn og færður á lögreglustöðina við Hverfisgötu, og viðurkenndi hann þar, að duftið væri amfetamín. Í skýrslu Alexanders G. Alexanderssonar lögreglumanns, sem stóð að handtöku ákærða, segir um yfirheyrslu yfir ákærða á lögreglustöðinni, að hann hafi viðurkennt að hafa komist yfir hringana á Bíó barnum kvöldið áður. Hefði fólk staðið þar upp frá borði við hlið þess, sem ákærði sat við, og verið að handfjatla hringana, en síðan farið á barinn og skilið hringana eftir á borðinu og hann tekið þá og gengið út. Samkvæmt upplýsingum frá úra- og skartgripaverslun Guðmundar Þorsteinssonar í Bankastræti 12 hafði verið brotist þar inn þremur vikum áður og stolið þaðan sams konar hringum, en þeir eru erlend fjöldaframleiðsla og því ekki hægt að fullyrða, að hringarnir, sem ákærði var með, væru úr innbrotinu. Verðmæti þeirra beggja var samkvæmt upplýsingum úr versluninni 14.300 krónur. Enginn eigandi hefur gefið sig fram að hringunum.

Verður nú gerð grein fyrir framburði ákærða og vitna við meðferð málsins.

Ákærði kveðst saklaus af því, sem honum er gefið að sök í ákæru, og kannast ekki við að hafa gerst sekur um þjófnað á hringunum, en hann hafi umræddan dag tekið tvo gullhringa á borði á Bíó barnum að Klapparstíg 26 í Reykjavík. Ákærði kveðst hafa tekið hringana til að skoða þá og sjá, hvers konar glingur þetta væri, en þeir hafi verið verðlausir í sínum augum og hann talið þá bara eins og hvert annað dót, sem fengist í Kolaportinu. Ákærða var ekki ljóst, úr hvaða efni hringarnir væru, og taldi, að um væri að ræða einskis nýtt drasl. Sló ákærði eign sinni á hringana, þar sem hann

taldi þá verðlausa, og hugðist henda þeim í ruslið síðar. Ákærði segir það rétt, sem haft er eftir sér hjá rannsóknarlögreglu, að hann hafi séð fólk við borðið vera að handleika hringana og hverfa síðan á brott út úr húsinu. Ákærði sá ekki hringana á borðinu, fyrr en fólkið var farið. Ákærði kveðst hafa fengið sér bjór á barnum á meðan og sest síðan við borðið, sem hann hafði setið við. Ákærði var þá ekki búinn að taka hringana. Ákærði tók nú hringana og skoðaði þá. Eftir skoðun þeirra tók hann þá, eins og áður er frá greint. Ákærði segir það ekki nákvæmt í rannsóknarlögregluskýrslunni, að hann hafi beðið nokkra stund og tekið hringana síðan. Ákærði kveðst ekki hafa verið að bíða eftir því að taka hringana, heldur vegna bjór-drykkju og til að drepa tímann.

Vitnið Alexander Guðmundur Alexandersson aðstoðarvarðstjóri, Hlíðarhjalla 10 í Kópavogi, veit ekki til þess, að neinn hafi verið farinn að kæra hvarf hringanna, þegar þeir lögreglumennirnir höfðu afskipti af ákærða með þá í fórum sínum við Keisarann né heldur síðar. Vitnið segir, að ákærði hafi verið spurður í þaula á lögreglustöðinni um tilvist hringanna í hans fórum, og hafi hann sagt fólkið, sem var með hringana, hafa staðið upp og farið á barinn. Vitnið kannast ekki við að hafa heyrt ákærða hafa orð á því, að fólkið hefði farið út úr húsinu.

Vitnið Jón Már Jónsson lögreglumaður, Réttarholtsvegi 71 í Reykjavík, var ásamt starfsbróður sínum stadd við spilasal andspænis Keisaranum um-rædda nótt, þegar það sá ákærða fyrir framan Keisarann að ræða við Hauk Guðmundsson og mann að nafni Sævar. Gengu þeir lögreglumennirnir til þeirra, og sneri ákærði baki við þeim. Sá vitnið, að hann hélt á hring eða hringum í hendi. Spurðu þeir ákærða, hvar hann hefði fengið hringana, en ekki man vitnið, hverju ákærði svaraði. Á meðan þeir ræddu við ákærða, henti hann frá sér ætluðum fíkniefnum, og leiddi það til þess, að ákærði var færður á lögreglustöðina. Vitnið ræddi við ákærða á lögreglustöðinni, og kom fram, að ákærði hefði fengið hringana á Bíóbarnum. Kvaðst hann hafa tekið hringana á borði, þar sem þeir hefðu verið skildir eftir. Ekki man vitnið eftir frekari svörum ákærða vegna hringanna.

Vitnið Gunnar Sigurður Ingólfur Sigurðsson varðstjóri, Næfurási 4 í Reykjavík, man, að ákærði var færður fyrir það umrædda nótt með tvo hringa í fórum sínum, og minnir, að ákærði hafi gefið þá skýringu, að hann hefði fengið hringana hjá vinum sínum úti á Keisara. Vitnið er þó ekki ör-uggt um þetta og man ekki eftir frekari skýringum af hálfu ákærða.

Vitnið Benedikt Helgi Benediktsson rannsóknarlögreglumaður, Bæjargili 26 í Gardabæ, kveðst ekkert muna eftir að hafa yfirheyrt ákærða vegna sakargiftanna í máli þessu, en kannast hins vegar við ákærða og staðfestir

að hafa tekið skýrsluna af ákærða, eftir að hafa séð hana. Vitnið man ekki, hvort orðalagið í skýrslunni er nákvæmt, þegar rætt er um, að ákærði hafi beðið nokkra stund, en síðan tekið hringana, en með þessu orðalagi megi skilja, að ákærði hafi beðið til að geta tekið hringana. Vitnið telur framburð ákærða í þessu efni fyrir dómnum geta verið réttan.

Vitnið Sævar Þór Sveinsson, Skippholti 12 í Reykjavík, er dyravörður í veitingahúsinu Keisaranum og var staddur fyrir utan húsið umrædda nótt ásamt ákærða og Hauki Guðmundssyni, þegar tveir lögreglumenn komu til þeirra. Segir vitnið ákærða hafa komið gangandi upp Laugavegin til vitnisins og Hauks, þegar lögreglumennirnir komu yfir götuna. Var ákærði að sýna vitninu tvo hringa og þeir að byrja að ræða saman, þegar lögreglumennirnir komu, og ákærði búinn að segja vitninu, að hann hefði fundið hringana á borði á Bíóbarnum, en þar hefði hann verið allt kvöldið. Ekki náði ákærði að segja vitninu neitt meira, áður en lögreglumennirnir komu til þeirra. Vitnið segir, að ákærði hafi ekki verið að reyna að selja því hringana, og ekkert var rætt um verðmæti þeirra og vitnið ekkert að reyna að hugsa um það og taldi þá glingur. Vitnið veit ekki, hvers vegna ákærði var að sýna því hringana, en það hefur verið dyravörður á Keisaranum sl. sex ár og kannast við ákærða.

Með framburði ákærða, sem er í samræmi við annað, sem fram er komið í málinu, er sannað, að ákærði hefur slegið eign sinni á hringana tvo, sem hann vissi, að höfðu stuttu áður verið í vörslum annarra. Ákærði gat ekki gefið sér, að burtför fólksins gæfi honum heimild til að slá eign sinni á hringana, en allt eins var líklegt, að fólkið hefði gleymt þeim, og hann hafði enga ástæðu til að ætla, að hringarnir væru verðlausir. Hefur ákærði með töku hringanna gerst sekur um þjófnað, og er brot ákærða rétt fært til refsí-ákvæðis í ákæru.

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann hlotið fimm dóma og fjórum sinnum gengist með sátt undir að greiða sektir. Fyrst var ákærði dæmdur í apríl 1991 í þriggja mánaða fangelsi, skilorðsbundið í þrjú ár, fyrir brot á 244. gr. almennra hegningarlaga. Næst hlaut ákærði dóm í september á sama ári, sex mánaða fangelsi, fyrir brot á 1. mgr. 155. gr. og 244. gr. almennra hegningarlaga, og var dómurinn frá því í apríl dæmdur með. Enn var ákærði dæmdur í mars 1992 í þrjátíu daga fangelsi, hegningarauka, fyrir brot á 244. gr. almennra hegningarlaga. Loks var ákærði dæmdur tvívegis á sl. ári, fyrst í september til sektargreiðslu fyrir umferðarlagabrot og síðan í desember í tveggja mánaða fangelsi fyrir brot á lögum og reglum um ávana- og fíkniefni og áfengislögum og sviptur ökurétti í eitt ár. Sáttirnar eru vegna brota á umferðarlögum, áfengislögum og lögum og reglum um ávana- og fíkniefni.

Ákærði hlaut 22. mars sl. skilorðsbundna reynslulausn í eitt ár á þrjátíu daga eftirstöðvum refsingar og hefur ekki afplánað þær. Með broti því, sem ákærði er nú sakfelldur fyrir, hefur hann rofið skilorð reynslulausnarinnar, og ber því samkvæmt 42. gr., sbr. 60. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 7. gr. laga nr. 22/1955, að ákvarða ákærða nú refsingu í einu lagi. Við ákvörðun refsingar er til þess að líta annars vegar, að ákærði hefur nokkrum sinnum áður brotið af sér á sama veg og hefur nú rofið skilorð reynslulausnar, og hins vegar er brot ákærða smávægilegt. Með hliðsjón af þessu þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í 45 daga.

Loks ber samkvæmt 1. tl. 165. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með taldar 60.000 krónur í málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Róberts Árna Hreiðarssonar héraðsdómslögmanns, og jafnháa fjárhæð í saksóknarlaun til ríkissjóðs.

Sturla Þórðarson yfirlögfræðingur flutti málið af hálfu ákærvaldsins.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Bjarki Þór Hilmarsson, sæti fangelsi í 45 daga.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með taldar 60.000 krónur í málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Róberts Árna Hreiðarssonar héraðsdómslögmanns, og jafnháa fjárhæð í saksóknarlaun til ríkissjóðs.
